

## Griðarstaður barna og ungmenna



Mynd úr „Dagur leikskólans 2008“

Þau gildi sem liggja til grundvallar starfi í skólum og öðru starfi barna og ungmenna eru umburðarlyndi og kærleikur og að stuðlað sé að velferð þeirra í viðum skilningi. Á tímum óvissu í þjóðfélaginu er mikilvægt að skólinn, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf sé griðarstaður barna og ungmenna og að jákvæðum brag sé haldið þar á lofti í enn ríkari mæli.

Þá er nú brýnt sem aldrei fyrr, að þeir sem starfa með börnum og ungmennum hlúi að þeim og stuðli að vellíðan þeirra og öryggi. Slíkt mætti gera með því að gefa svigrúm í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi, til dæmis með fleiri samverustundum og að opna leiðir fyrir börn og ungmenni til að tjá sig við starfsfólk eftir því sem þörf er á.

Vill menntamálaráðuneyti hvetja skólastjórnendur og þá sem stýra íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi fyrir börn og ungmenni til að skoða hvaða úrræði eru fyrir hendi til að takast á við núverandi aðstæður á sem uppbyggilegastan hátt. Viða er sérfræðipjónusta og þekking til staðar innan skóla, íþrótt- og æskulýðsfélaga, í sveitarfélaginu og í nærsamfélaginu sem hægt er að nýta. Virk samskipti skóla, heimila og nærsamfélags eru sérstaklega mikilvæg nú.

Menntamálaráðuneyti mun á næstu dögum beita sér fyrir samráði við alla aðila sem vinna að velferð barna og unglunga með það að markmiði að veita þeim viðeigandi stuðning. Einnig verður hugað að því hvernig hægt er að styðja við starfsfólk í þeirra krefjandi starfi.

Íslenskt menntakerfi er sterkt og gegnir lykilhlutverki í að skapa auðlegð velmenntaðra einstaklinga sem móta munu íslenska framtíð. Rannsóknir hafa ennfremur sýnt að þátttaka ungs fólks í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi hefur mikið forvarna- og uppeldislegt gildi og skapar aukna festu í lífi barna og unglunga. Menntun og annað starf með börnum og ungmennum er sá grundvöllur sem stendur þrátt fyrir tímabundna erfiðleika í efnahagslífi og nauðsynlegt að slíkt starf blómstri nú sem endranær.

## Fagstöður hjá UNESCO fyrir ungt fólk

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, [UNESCO](#), hefur boðið þeim aðildarlöndum, sem eiga engan eða fáa starfsmenn hjá stofnuninni, að senda allt að 12 umsóknir frá ungu fólki um sérstakar fagstöður í höfuðstöðvunum í París. Þetta er liður í því að jafna landfræðilega dreifingu starfsfólks, auka hlut kvenna og auka stöðugleika í starfsliðinu. Umsækjendur þurfa m.a. að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- vera yngri en 30 ára 31. desember 2008
- hafa háskólagráðu á sviði: menntunar, umhverfisfræði, félags- og mannvísinda, menningar, upplýsingafræði eða fjármála (nokkur sérsvið eru nefnd frekar)
- hafa mjög gott vald á ensku eða frönsku sem eru vinnumál stofnunarinnar. Færni í báðum tungumálum er kostur.

Sækja þarf um á sérstökum umsóknareyðublöðum sem fást hjá íslensku UNESCO-nefndinni. Umsóknarfestur til íslensku UNESCO-nefndarinnar er 1. desember nk.

Nánari upplýsingar veitir Einar Hreinsson, ritari íslensku UNESCO-nefndarinnar í síma 545 9500 eða á netfanginu: [enar.hreinsson@mrn.stjr.is](mailto:enar.hreinsson@mrn.stjr.is). Frekari upplýsingar um UNESCO eru að finna á [www.unesco.org](http://www.unesco.org).

## Útgáfa íslensku náms- og menntunarflokkunarinnar ÍSNÁM2008

Hagstofa Íslands gefur út íslensku náms- og menntunarflokkunina [ÍSNÁM2008](#). ÍSNÁM2008 sýnir flokkun náms á Íslandi samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Í handbókinni er farið yfir skilgreiningar á stigum og sviðum náms. Jafnframt er á vef Hagstofu Íslands sýnd flokkun náms ofan grunnskóla í hinu hefðbundna menntakerfi á Íslandi á árunum 1997 til 2007 samkvæmt ÍSNÁM2008.

Við innleiðingu ÍSNÁM2008 hefur mennta- og menningarmáladeild Hagstofunnar unnið í samráði við menntamálaráðuneytið að flokkun menntakerfisins hér á landi eftir staðlinum. Samráð hefur einnig verið haft við þær alþjóðastofnanir sem Ísland starfar mest með en það eru Efnahags- og framfarastofnunin í París (OECD), Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Tölur um íslenska skólakerfið samkvæmt ÍSNÁM2008 má finna á vef Hagstofu Íslands, t.d. upplýsingar um fjölda nemenda eftir stigum og sviðum.

Handbók um ÍSNÁM2008 flokkunina má sækja ókeypis á [vef Hagstofu Íslands](#).

## Framhaldsskóli í Mosfellsbæ

Menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa fyrir hönd ríkissjóðs gera samkomulag við Mosfellsbæ um stofnun og byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Nýbygging skólans verður staðsett í miðbæ Mosfellsbæjar og gert er ráð fyrir allt að 4.000 fm. byggingu er rúmi 4-500 bóknámsnemendur. Við hönnun hússins og undirbúning skólustarfs verður lögð áhersla á sveigjanleika og möguleika til nýbreytni.

Stefnt er að því að hefja kennslu í bóklegum greinum á fyrsta ári framhaldsnáms haustið 2009. Menntamálaráðuneytið mun ráða skólameistara er hefji störf eigi síðar en haustið 2008. Hann ásamt öðrum ráðgjöfum mun vinna að undirbúningi, stofnun og uppbyggingu framhaldsskólans í samvinnu við menntamálaráðuneyti og Mosfellsbæ. Stefnt er að því að unnt sé að hefja byggingarframkvæmdir eigi síðar en á árinu 2009.

Aðilar samkomulagsins munu hafa samvinnu um gerð nánari þarfagreiningar í samvinnu við íbúa og skólafólk og verður þá jafnframt hugað að framtíðarfyrirkomlagi á samstarfi menntamálaráðuneytis og Mosfellsbæjar um starf skólans.

